



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Ákvörðun nr. 16/2016

### Notkun tölvupósts sem sendur var fyrir meint mistök

#### I.

##### Erindið

Þann 2. júní 2016 barst Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) kvörtun frá [A]<sup>1</sup> þar sem kvartað var yfir meðferð á tölvupósti.

#### II.

##### Málavextir og bréfaskipti

###### 2.1 Kvörtun

Kvartað er yfir því að tölvupóstur sem kvartandi sendi á vin sinn, [B]<sup>2</sup>, hafi verið sendur áfram á [C]<sup>3</sup> og [D]<sup>4</sup> sama embættis og honum dreift í leyfisleysi. Af samhengi kvörtunarinnar má ráða að um sé að ræða meint brot gegn 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Í kvörtuninni kemur fram að kvartandi hafi sent [B]<sup>5</sup> persónulegan tölvupóst þann 11. janúar 2016, kl. 12:34, á netfangið [...],<sup>6</sup> með efnislínunni (e. subject) [...]<sup>7</sup>.

Í póstinum segir:

[...]<sup>8</sup>

---

<sup>1</sup> Nafn kvartanda afmáð vegna trúnaðar

<sup>2</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>3</sup> Starfstíttill afmáður vegna trúnaðar

<sup>4</sup> Starfstíttill afmáður vegna trúnaðar

<sup>5</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>6</sup> Netfang afmáð vegna trúnaðar

<sup>7</sup> Efnislína afmáð vegna trúnaðar

<sup>8</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

[B]<sup>9</sup> svarar kvartanda úr netfanginu [...] <sup>10</sup>, kl. 14:19, með eftirfarandi:

[...] <sup>11</sup>

[B]<sup>12</sup> áframsendir svo umræddan tölvupóst, á [D]<sup>13</sup>, á netfangið [...] <sup>14</sup>, þann 11. janúar 2016, kl. 14:45, án þess að senda nokkurn texta.

[D]<sup>15</sup> svarar umræddum tölvupósti [B]<sup>16</sup> kl, 14:50 og bætir [C]<sup>17</sup> við sem viðtakanda, netfang [...] <sup>18</sup>. Í póstinum segir:

[...] <sup>19</sup>

[B]<sup>20</sup> svarar kl. 15.08:

[...] <sup>21</sup>

[D]<sup>22</sup> svarar kl. 15:14:

[...] <sup>23</sup>

[B]<sup>24</sup> svarar kl. 15:14:

[...] <sup>25</sup>

Þegar [A]<sup>26</sup> fréttir að póstur hans hafi verið sendur áfram sendi hann [B]<sup>27</sup> eftirfarandi tölvupóst þann 20. janúar kl. 10:52, með efnislínunni, Prívatpóstur frá 11. jan:

[...] <sup>28</sup>

Þá segir í kvörtuninni að þrátt fyrir þessi samskipti milli [B]<sup>29</sup>, [D] og [C] um póstinn kusu þær að senda kvörtun til Mennta- og menningarmálaráðherra og afrit á Innanríkisráðherra

---

<sup>9</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>10</sup> Netfang afmáð vegna trúnaðar

<sup>11</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>12</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>13</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>14</sup> Netfang afmáð vegna trúnaðar

<sup>15</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>16</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>17</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>18</sup> Netfang afmáð vegna trúnaðar

<sup>19</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>20</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>21</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>22</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>23</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>24</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>25</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>26</sup> Nafn kvartanda afmál vegna trúnaðar

<sup>27</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>28</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>29</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

og [...]³⁰. Á meðan sú kvörtun var til meðferðar í ráðuneytinu hafi tilvist og innihaldi kvörtunarinnar verið lekið af óþekktum aðila í [...]³¹, sem fjallaði um málið með forsíðufrétt þann [...]³².

Kvartandi tekur einnig fram að [C]³³ tjái sig í löngu máli um efni tölvupósts síns í viðtali við [...]³⁴ [...]³⁵ þar sem hún segir m.a. að [B]³⁶ hafi „séð tilefni til að áframsenda póstinn“. Það sé ósvífin lygi þar sem fyrir liggi yfirlýsing um að þetta sé einkapóstur og svo og samskipti [B]³⁷ við [D]³⁸ sem sjá má hér að ofan.

Samkvæmt framangreindu telur kvartandi að [...]³⁹ og [...]⁴⁰ sama embættis hafi gerst brotlegar við 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga um öryggi og þagnarskyldu.

## 2.2 Svarbréf [D]⁴¹ dags. 7. júlí 2016

Með bréfi, dags. 24. júní 2016, áframsendi PFS kvörtunina á [D]⁴² til umsagnar og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við kvörtunina.

Svarbréf [D]⁴³ barst þann 7. júlí 2016 þar sem hún hafnar því að um brot á 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga sé að ræða. [D]⁴⁴ tekur fram að sá tölvupóstur sem barst henni hafi ekki borið með sér með neinum hætti að hafa verið persónulegur póstur á milli tveggja vina, þvert á móti hafi efni póstsins varðað embætti [...]⁴⁵, sem bæði undirrituð og [B]⁴⁶, starfi hjá, sem og starfsemi og starfshætti [...]⁴⁷, auk þess sem sérstaklega hafi verið vikið að persónu [C]⁴⁸ í póstinum.

Umræddur tölvupóstur hafi verið framsending á tölvupósti kvartanda til [B]⁴⁹, sem [B]⁵⁰ framsendir undirritaðri án nokkurs fyrirvara, án orða eða skýringa. Undirrituð setti [C]⁵¹, yfirmann undirritaðrar og [B]⁵², í cc í tölvupóstinum enda varðaði hann [C]⁵³ beint, bæði

³⁰ Nafn afmáð vegna trúnaðar

³¹ Nafn fjölmiðils afmáð vegna trúnaðar

³² Dagsetning afmáð vegna trúnaðar

³³ Nafn afmáð vegna trúnaðar

³⁴ Nafn fjölmiðils afmáð vegna trúnaðar

³⁵ Dagsetning afmáð vegna trúnaðar

³⁶ Nafn afmáð vegna trúnaðar

³⁷ Nafn afmáð vegna trúnaðar

³⁸ Nafn afmáð vegna trúnaðar

³⁹ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁴⁰ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁴¹ Nafn afmáð vegna trúnaðar

⁴² Nafn afmáð vegna trúnaðar

⁴³ Nafn afmáð vegna trúnaðar

⁴⁴ Nafn afmáð vegna trúnaðar

⁴⁵ Nafn afmáð vegna trúnaðar

⁴⁶ Nafn og starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁴⁷ Nafn afmáð vegna trúnaðar

⁴⁸ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁴⁹ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁵⁰ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁵¹ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁵² Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

⁵³ Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

persónulega og faglega og aukinheldur það embætti sem hún ber ábyrgð á og undirrituð og [B]<sup>54</sup>, sem jafnframt er staðgengill [C]<sup>55</sup>, starfa hjá. En undirrituð, og [C]<sup>56</sup> einnig, ætlaði enda að tilgangur framsendingar [B]<sup>57</sup> á tölvupósti kvartanda þann 11. janúar 2016 kl. 14:45 til undirritaðrar væri til að benda henni á ætlaðar ávirðingar kvartanda enda var pósturinn sendur henni sem aðallögfræðings embættisins og varðaði það með beinum hætti. Að auki sendi [B]<sup>58</sup> undirritaðri oft tölvupóst, í alls kyns formi og með margskonar efni, enda um samstarfsmann að ræða.

Þá vísar [D]<sup>59</sup> til þess að þann 11. janúar kl. 15:30 hafi [C]<sup>60</sup> svarað tölvupósti [B]<sup>61</sup> þar sem eftirfarandi hafi komið fram:

[...] <sup>62</sup>

[D]<sup>63</sup> segir jafnframt að frá því þann 11. janúar 2016 kl. 15:15 hafi [B]<sup>64</sup> aldrei minnst á kvartanda né framangreind tölvupóstssamskipti við undirritaða og aldrei hafi verið óskað eftir að umræddum tölvupósti verði eytt. Engin samskipti umfram ofangreint hafi verið milli aðila varðandi málið, hvorki munnleg né skrifleg.

Jafnframt segir að tölvupóstur [A]<sup>65</sup> til [B] frá 20. janúar með yfirskriftinni „*Privatpóstur frá 11. jan.*“ hafi undirrituð ekki séð fyrir en hún fékk kvörtun þessa senda ásamt fylgigögnum og þar af leiðandi ekki kunnugt um tilvist hans né efni. [B]<sup>66</sup> hafi með öðrum orðum ekki framsent þennan póst til undirritaðrar né vakið athygli á honum eða rætt hann eða efni hans með nokkrum hætti við undirritaða, hvorki fyrir né síðar.

Þá hafði undirrituð ekki vitneskju um, fyrir en hún fékk afrit af kvörtuninni, að [B]<sup>67</sup> hefði framsent samskipti hennar og hans til kvartanda þann 18. janúar 2016. Óheimilt hafi verið að senda innanhússamskipti embættismanna [...] <sup>68</sup> til ótengds þriðja aðila.

Að auki var undirritaðri ekki kunnugt um að [B]<sup>69</sup> hefði sent kvartanda svarpóst við hinum upphaflega tölvupósti kvartanda sama dag og hann barst honum, þann 11. janúar 2016 kl. 14:19, fyrir en undirrituð fékk afrit af kvörtuninni og fylgigögnum.

---

<sup>54</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>55</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>56</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>57</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>58</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>59</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>60</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>61</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>62</sup> Innihald tölvupósts afmáð vegna trúnaðar

<sup>63</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>64</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>65</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>66</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>67</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

<sup>68</sup> Afmáð vegna trúnaðar

<sup>69</sup> Starfstíll afmáður vegna trúnaðar

### 2.3 Bréf PFS dags. 12. júlí 2016

Póst- og fjarskiptastofnun sendi kvartanda bréf dags. 12. júlí ásamt svarbréfi [D]<sup>70</sup> til umsagnar og var jafnframt gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við bréf stofnunarinnar og bréf [D]<sup>71</sup>.

Í bréfi PFS kom meðal annars fram að það væri álit stofnunarinnar að ákvæði 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga tæki til sendanda tölvupósts og þess móttakanda sem fær tölvupóst fyrir mistök. Tilgangur ákvæðisins væri að vernda þann sem fyrir mistök sendir tölvupóst á rangan aðila, en sendandi í þessu tilviki var [B]<sup>72</sup>. Með tilliti til þess teldi stofnunin óhjákvæmilegt að [B]<sup>73</sup> þyrfti að eiga aðild að stjórnslumáli sem varðaði það hvort hann hafi fyrir mistök sent tölvupóst á rangan viðtakanda. Þó svo að kvartandi hafi verið upphaflegur sendandi póstsins veiti það honum ekki aðilastöðu til að geta lagt fram kvörtun um brot á 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga. Að því sögðu gæti kvartandi hins vegar átt hagsmuna að gæta af úrlausn málsins og jafnvel átt sjálfstæða aðilastöðu á grundvelli annarra réttarheimilda.

Þá var það einnig álit PFS að [C]<sup>74</sup> gæti ekki átt aðild að málinu, jafnvel þó komist yrði að þeirri niðurstöðu að um brot gegn 9. mgr. 47. gr. væri að ræða þar sem ákvæðinu yrði ekki beitt með keðjuverkandi hætti, heldur einskorðist við þann sem fyrir mistök móttækur tölvupóst og notfærir sér innihald hans, þrátt fyrir að hafa vitað eða mátt vera það ljóst að pósturinn var sendur fyrir mistök.

### 2.4 Svarbréf [A]<sup>75</sup> dags. 17. júlí 2016

Athugasemdir kvartanda bárust með bréfi dags. 17. júlí 2016. Í bréfinu kemur meðal annars fram að hann telji hafið yfir allan vafa að [D]<sup>76</sup> hafi vitað að pósturinn hafi ekki verið ætlaður henni.

Þá segir að telji PFS að skorti á huglæga afstöðu [B]<sup>77</sup> fyrir því hvort að tölvupósturinn hafi verið sendur fyrir mistök eður ei skuli stjórnvald sjá til þess að mál sé nægilega upplýst til þess að hægt sé að taka ákvörðun í því sbr. 10. gr. stjórnslulaga. Kvartandi skilji það þannig að PFS eigi að hafa frumkvæði að afla upplýsinga um huglæga afstöðu [B]<sup>78</sup> ef enn er uppi efi um hver hún er.

Kvartandi telur jafnframt með ólíkindum að PFS efist um að kvartandi geti átt sjálfstæða aðild að kvörtunarmáli um meint brot [D]<sup>79</sup> (og [C]<sup>80</sup>) á 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga. Og með því sé PFS að halda því fram að hann geti ekki kvartað yfir því að sá sem hefur fyrir mistök og í heimildarleysi tekið við persónulegum tölvupósti hans, skuli áframsenda hann og tjá sig um innihald hans við fjölmiðla? Kvartandi telur enda að hann hljóti að vera aðili

---

<sup>70</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>71</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>72</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>73</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>74</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>75</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>76</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>77</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>78</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>79</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>80</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

að málinu, þar sem hann sé brotþoli, því hver hefur þurft að sæta því að ræða um innihald persónulegs tölvupósts annar en hann og hver annar en hann hafi þurft að sæta því að um efni og innihald póstsins hafi verið sagt ósatt í fjölmiðlum?

### III. Lagaumhverfi

#### 3.1 Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 10. gr. sömu laga skal stofnunin láta kvörtun neytenda til sín taka ef fjarskiptafyrirtæki brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi.

Þrátt fyrir að ákvæði 10. gr. laganna vísi til þess að stofnunin leysi aðeins úr ágreiningi neytenda við fjarskiptafyrirtæki eða póstrekendur tekur stofnunin til meðferðar kvartanir um brot á 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, óháð því hver á í hlut. Helgast sú framkvæmd af almennu eftirlitsvaldi stofnunarinnar með lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Má einnig benda á í þessu sambandi að viðurlög við brotum gegn ákvæðum IX. kafla laganna, sem 47. gr. er hluti af, eru ekki aðeins takmörkuð við fjarskiptafyrirtæki, sbr. 74. gr. laganna.

#### 3.2 Ákvæði 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga

Samkvæmt 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, má sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Auk þess sem skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Í þessu samhengi er einnig rétt að ítreka að kvörtun kvartanda snýst um það hvort póstur sá er [B]<sup>81</sup> sendir á [D]<sup>82</sup> þann 11. janúar 2016, kl. 14:45 falli undir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003. Kvörtunin beinist ekki að því hvort póstur sem kvartandi sendi [B]<sup>83</sup> þann 11. janúar 2016, kl. 12:34, og var upphaf þessa máls, falli undir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003.

Til þess að komast að niðurstöðu um hvort að brot hafi átt sér stað gegn framangreindu ákvæði laganna þarf að horfa til ákveðinna atriða. Í *fyrsta lagi* þarf að liggja ljóst fyrir að sending tölvupósts hafi verið sendur á rangan viðtakanda fyrir mistök. Í *öðru lagi* þarf móttakandinn annað hvort að vita eða mátt vera það ljóst að mistök hafi átt sér stað. Í *þriðja lagi*, sé síðara skilyrðið uppfyllt, ber móttakanda að tilkynna sendanda um mistökin og gæta trúnaðar um innihald upplýsinganna. Ofangreint er forsenda þess að ákvæði laganna verði talið eiga við hverju sinni. Verndarandlag ákvæðisins er því sá aðili sem fyrir mistök sendir tölvupóst á rangan aðila.

---

<sup>81</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>82</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>83</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

#### IV. Forsendur og niðurstaða

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort umræddur tölvupóstur sem [B]<sup>84</sup> áframsendi [D]<sup>85</sup> þann 11. janúar 2016 hafi verið sendur fyrir mistök og hvort henni hafi verið eða hafi mátt vera ljóst að var sendur fyrir mistök og hvort kvartandi geti talist eiga aðild að málinu.

Líkt og að framan er rakið er hvergi í gögnum málsins fyrir að finna huglæga afstöðu sendanda þegar hann sendi póstinn áfram til [D]<sup>86</sup>. Að mati PFS ber orðalag tölvupósta [B]<sup>87</sup>, þ.e. samskipti hans við [D]<sup>88</sup> í framhaldi af því að hafa áframsent póstinn frá kvartanda, ekki með sér að pósturinn hafi fyrir mistök verið sendur á [D]<sup>89</sup>. Samkvæmt gögnum málsins hefur [B]<sup>90</sup> ekki heldur upplýst [D]<sup>91</sup> um það að um hafi verið að ræða einkasamskipti hans við kvartanda sem hafi fyrir mistök verið send henni, þrátt fyrir að kvartandi hafi tjáð [B]<sup>92</sup> að um einkapóst hafi verið að ræða sem farið væri fram á að yrði eytt, sbr. tölvupóst dags. 20 janúar s.l.

Ákvæði 9. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga tekur til sendanda tölvupósts og þess móttakanda sem fær tölvupóst fyrir mistök, burtséð frá innihaldi póstsins sem slíks. Tilgangur ákvæðisins er að vernda þann sem fyrir mistök sendir tölvupóst á rangan aðila, en sendandi í þessu tilviki líkt og áður hefur komið fram er [B]<sup>93</sup>.

Kvartandi ber því við að ef PFS teldi að huglæg afstaða sendanda lægi ekki fyrir skyldi stofnunin sjá til þess að afstaða hans yrði könnuð til málsins.

Sendandi póstsins og móttakandi tölvupóstsins, [D]<sup>94</sup>, eru hinir eiginlegu aðilar málsins skv. inntaki ákvæðisins. Sú ákvörðun að hefja stjórnslumál verður að vera ákvörðun hins eiginlega aðila máls og hefur stofnunin ekki frumkvæði að því að hefja stjórnslumál vegna erindis þriðja aðila, jafnvel þó þriðji aðili sé upphaflegur sendandi póstsins og telji sig hafa orðið fyrir tjóni. Þá getur það, að mati PFS, vart talist samrýmast sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs að stjórnvald eigi frumkvæði að opinberum afskiptum af sendingu tölvupósts sem sendandinn hefur hvorki séð ástæðu til að tilkynna að hafi verið sendur fyrir mistök á rangan aðila né óskað eyðingar á.

Með tilliti til framangreinds telur stofnunin óhjákvæmilegt að [B]<sup>95</sup>. þurfi að eiga frumkvæði, sem aðili máls, um að hefja stjórnslumál þess efnis að hann hafi fyrir mistök sent tölvupóst á rangan viðtakanda. Slíkt liggur ekki fyrir og því óhjákvæmilegt annað en að vísa kvörtun kvartanda frá.

---

<sup>84</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>85</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>86</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>87</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>88</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>89</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>90</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>91</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>92</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>93</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>94</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

<sup>95</sup> Nafn afmáð vegna trúnaðar

*Ákvörðunarorð*

**Kvartandi á ekki aðild að máli vegna meintra brota á 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, og er málinu vísað frá vegna aðildarskorts.**

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sbr. 13. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og 5. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Sem neytanda ber kvartanda þó ekki að greiða umrætt málskotsgjald.

Reykjavík, 26. október 2016

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Maríjon Ósk Nóadóttir